

Yfirlýsing SFA, Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna, um stöðu almenningsbókasafna á tímum niðurskurðar hjá sveitarfélögum

Hlutverk almenningsbókasafna á Íslandi hefur aldrei verið mikilvægara en nú á tímum hraðra tæknibreytinga, fólksflutninga, loftslagskvíða og aukinnar einangrunar og einmanaleika. Bókasöfnin styðja þau sem eru nýkomin í samfélagið, upplýsa og kynna, aðstoða íbúa við að sækja sér þjónustu og ekki hvað síst, auka áhuga á lestri og ýta undir samfélagsþátttöku.

Fyrir utan lögbundna þjónustu eru almenningsbókasöfnin samkomustaðir, þátttökugátt, menningarhús og miðstöðvar fróðleiks og afþreyingar. Þangað getur fólk leitað athvarfs frá amstri dagsins, átt samtál við aðra og deilt hugmyndum og reynslu eða notið þess að slaka á og njóta. Í litlum sveitarfélögum eru almenningsbókasöfnin jafnvel eina menningarmiðstöðin þar sem öll eru velkomin án þess að þurfa að greiða nokkuð fyrir.

Almenningsbókasöfnin standa fyrir hundruðum viðburða um allt land fyrir fólk á öllum aldri, bjóða upp á fjölbreyttan safnkost; allt frá bókum til saumavéla, frá plokktöngum til vínylskera og frá MIDI-hljómborðum til kökuforma. Notendur bókasafnanna geta nýtt sér hljóðupptökuver, lærdómsaðstöðu og komið á tónleika, námskeið og fleira.

Menningarstarf og listir auðga samfélagið og auka samkeppnishæfni þess. Almenningsbókasöfn eiga stóran þátt í að bæta samfélagið með því að bjóða upp á menningu, upplýsingar, innblástur, rými og skjól til að skapa, taka þátt og fræðast.

Til að almenningsbókasöfnin geti gengt þessu mikilvæga samfélagslega hlutverki, þarf að hlúa að þeim. Sveitarfélögin standa frammi fyrir miklum fjárhagslegum áskorunum og víða þarf að draga saman seglin og ákveða hvar skuli skera niður. Við hvetjum stjórnendur til að muna eftir því að eftir sem áður þarf að byggja upp traust og hlúa að samfélaginu og muna hver raunveruleg verðmæti þess eru.

Reykjavík, 26. maí 2023